



Reykjavík 16. febrúar 2023

Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn um innheimtu á vegum Félagsbústaða

Félagsbústöðum barst þann 25. janúar sl. fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem borin var upp í borgarráði 19. janúar.

Spurt er:

Hversu mörgum málum leigjenda hjá Félagsbústöðum hefur verið vísað til Motus í innheimtu vegna vanskila? Einnig var óskað eftir;

- sundurliðun á þessum málum
- tímalengd þeirra hjá Motus
- fjöldi nýrra mála síðustu 5 árin

Svar Félagsbústaða:


Sá samningur sem nú er í gildi við Motus var gerður 22. janúar 2022 en Félagsbústaðir hafa átt samstarf við Motus frá árinu 1998.

- Jafnræðis-og meðalhófsreglan höfð að leiðarljósi.
- Innheimtukostnaði er stillt í hóf.
- Samstarf vegna greiðsluferfiðleika er milli Félagsbústaða, Motus, þjónustumið-stöðva og velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Greiðendur hafa aðgengi að greiðendaþjónustu Motus í gegnum þjónustuvef eða þjónustuver.
- Sveigjanleiki er til staðar innan innheimtuferils til að vinna með greiðendum sem lenda í greiðsluferfiðleikum.

Á árinu 2022 fór um 5% af útgefnum kröfum, eða 1828 mál, í innheimtuferli hjá Motus. Um 500 greiðendur voru að baki málanna.


Miðgildi vinnslutíma mála hjá Motus voru um 28 dagar á tímabilinu 2018-2022.

Innheimtuferli Félagsbústaða og hlutfallsleg skil á leigugreiðslum á tímabilinu 2018-2022 er lýst á eftirfarandi mynd:





Hér má sjá fjölda greiðsluseðla sem Félagsbústaðir gáfu út árlega árin 2018-2022, ásamt fjölda útsendra innheimtuviðvarana, fjölda krafna sem fóru í milliinnheimtu og fjölda einstaklinga á bak við þær kröfur sem fóru í milliinnheimtu:



Virðingarfylltst,

Sigrún Árnadóttir
framkvæmdastjóri